



HRUNAMANNAHREPPUR

38. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 7. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN MÁNUDAGINN 3. JÚLÍ 2017

KL. 8.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2017, þann 3. júlí kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 8.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Hrunaljós: Rekstraráætlun og gjaldskrá.
2. Samþykkt um gatnagerðargjöld í Hrunamannahreppi. Seinni umræða.
3. Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir.
4. Skólustjórnendur: Starfsstöð náms- og starfsráðgjafa.
5. Drög að Lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélögin á Suðurlandi. Fyrri umræða.
6. Fasteignasalan Ás: Forkaupsréttur vegna Akurgerðis 3.
7. Lögmenn Suðurlandi: Forkaupsréttur vegna Ásastígs 8A.
8. Efra-Langholt: Aðalskipulagsbreyting.
9. Íbúðarlánasjóður: Íbúðarhúsnæði.
10. Bláskógabyggð: Tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027.
11. Umhverfisstofnun: Þriggja ára áætlun vegna refaveiða 2017-2019.
12. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

13. Umhverfisnefnd: Fundargerð 7. fundar frá 8. júní sl.
14. Veitustjórn: Fundargerð 18. fundar nefndarinnar 16. júní s.l.
15. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 14. fundar nefndarinnar frá 6. júní s.l.
16. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 15. fundar nefndarinnar frá 20. júní s.l.
17. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 16. fundar nefndarinnar frá 26. júní s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

18. Fundargerð 136. fundar skipulagsnefndar frá 22. júní s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. júní s.l.
Mál nr. 27: Unnarholtskot 1. Stofnun lóðar.
Mál nr. 28: Jaðar 1. Deiliskipulag. Frístundahúsalóð.
Mál nr. 29: Gata. Stofnun lóðar. Spennistöð.
Mál nr. 30: Jaðar 1. Stofnun lóðar.
Mál nr. 29: Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. júní s.l.
19. NOS: Fundargerð frá 15. júní s.l.
20. Skólapijónustu- og velferðarnefnd Árnespings: Fundargerð 22. fundar frá 20. júní s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: Fundargerð 520. fundar stjórnar frá 31. maí s.l.
- b. SASS: Fundargerð 521. fundar stjórnar frá 21. júní s.l.
- c. Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð 15. fundar stjórnar frá 6. júní s.l.
- d. Almannavarnir Árnessýslu: Fundargerð 24. fundar frá 7. júní s.l.

Kynningarmál:

- e. Brunabót: Úthlutun úr styrktarsjóði.
- f. Samband íslenskra sveitarfélaga: Bókhaldsleg meðferð uppgjörslífeyrisskuldbindinga í A-deild.
- g. Veiðifélag Árneseinga: Fundargerð aðalfundar frá 27. apríl s.l.
- h.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

- 1. Hrunaljós: Rekstraráætlun og gjaldskrá.**

Oddviti kynnti rekstraráætlun og gjaldskrá fyrir Hrunaljós sem er félag um rekstur og eignarhald á ljósleiðarakerfi í sveitarfélaginu. Gert er ráð fyrir að tengigjald fyrir tengistað sem nýtur styrks frá Fjarskiptasjóði verði kr. 250.000 með vsk en tengigjald þar sem viðkomandi nýtur ekki styrks frá Fjarskiptasjóði verði 250.000 með vsk auk kostnaðar við lagningu ljósleiðara frá stofnstreng að tengistað. Þá er gert ráð fyrir að mánaðarlegt áskriftargjald verði kr. 3.000 með vsk. Sveitarstjórn samþykkir rekstraráætlun og tillögu að gjaldskrá með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum.
- 2. Samþykkt um gatnagerðargjöld í Hrunamannahreppi. Seinni umræða.**

Oddviti fór yfir samþykkt um gatnagerðargjöld í Hrunamannahreppi. Sveitarstjórn samþykkir að lækka lágmarksgjöld gatnagerðargjalda í þeim tilgangi að auðvelda byggingu húsnæðis á Flúðum. Gert er m.a. ráð fyrir að lágmarksgjald einbýlishúsnæðis lækki í kr. 2,1 millj., parhúss í kr. 1,8 millj, per íbúð, raðhúss í kr. 1,5 millj. per íbúð og fjölbýlishúss kr. 1,2 millj. per íbúð. Sveitarstjórn samþykkir breyttar samþykktir um gatnagerðargjöld.
- 3. Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Atvinnuveganefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir.
- 4. Skólastjórnendur: Starfsstöð náms- og starfsráðgjafa.**

Oddviti kynnti áskorun frá skólastjórnendum um endurskoðun ákvörðunar um staðsetningu starfsstöðvar náms- og starfsráðgjafa. Sveitarstjórn telur heppilegra að starfs- og námsráðgjafi verði staðsettur í skóla í Uppsveitum eða Flóa og hafnar því erindinu, sbr. bókun á fundi NOS.
- 5. Drög að Lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélögin á Suðurlandi. Fyrri umræða.**

Oddviti kynnti drög að Lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélögin á Suðurlandi. Sveitarstjórn vísar málinu til seinni umræðu á næsta sveitarstjórnarfundum.
- 6. Fasteignasalan Ás: Forkaupsréttur vegna Akurgerðis 3.**

Oddviti kynnti beiðni frá Fasteignasölunni Ás þess efnis að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Akurgerði 3 skv. lóðaleigusamningi vegna eignarinnar. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Akurgerði 3 að Flúðum, fastanúmer 220-3179 skv. samþykktum kaupsamningi í eignina.
- 7. Lögmenn Suðurlandi: Forkaupsréttur vegna Ásastígs 8A.**

Oddviti kynnti beiðni frá Lögmönnum Suðurlandi þess efnis að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásastíg 8A skv. lóðaleigusamningi vegna eignarinnar. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásastíg 8A að Flúðum, fastanúmer 220-3808 skv. samþykktum kaupsamningi í eignina.
- 8. Efra-Langholt: Aðalskipulagsbreyting.**

Oddviti kynnti beiðni frá eigendum Efra-Langholts um breytingar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps vegna 10 ha spildu sem yrði skilgreind sem frístundasvæði í stað landbúnaðarsvæðis. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins þar til endurskoðun á aðalskipulagi Hrunamannahrepps verður búin að taka gildi.
- 9. Íbúðalánasjóður: Íbúðarhúsnæði.**

Oddviti kynnti bréf frá Íbúðalánasjóði þar sem þeir óska eftir því að sveitarstjórn taki afstöðu til þess hvort sveitarfélagið vilji skoða möguleg kaup á fasteignum í eigu Íbúðalánasjóðs í sveitarfélaginu. Um er að ræða eina fasteign í eigu íbúðarlánasjóðs Hrunamannahreppi. Sveitarstjórn samþykkir að óska ekki eftir kaupum á þessari fasteign Íbúðalánasjóðs.
- 10. Bláskógabyggð: Tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027.**

Oddviti kynnti tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 en gefinn er kostur til athugasemda til 28. júlí nk.
- 11. Umhverfisstofnun: Þriggja ára áætlun vegna refaveiða 2017-2019.**

Oddviti kynnti þriggja ára áætlun Umhverfisstofnunar vegna refaveiða. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við áætluna og felur sveitartjóra að svara spurningum vegna áætlaðs kostnaðar.

12. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 10. ágúst nk. kl. 14:00 í ráðhúsi Hrunamannahrepps á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

13. Umhverfisnefnd: Fundargerð 7. fundar frá 8. júní sl.

Oddviti kynnti fundargerð 7. fundar frá 8. júní s.l. Rætt var val á snyrtilegasta býli sveitarinnar, skýrslu SOS, opnunartíma gámasvæða og holur undir lífrænt sorp. Sveitarstjórn telur ekki tímabært að skoða holulausnir vegna lífræns úrgangs af heimilum að svo stöddu þar sem verið er að skoða heildarlausnir á málinu og samþykkir fundargerðina að öðru leyti.

14. Veitustjórn: Fundargerð 18. fundar nefndarinnar 16. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 18. fundar frá 16. júní s.l. Farið var yfir stöðuna varðandi Kópsvatnsholuna, skoðuð tækjakaup, farið yfir lagningu ljósleiðara og fundargerð aðalfundar Hitaveitu Grafarhverfis ehf. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

15. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 14. fundar nefndarinnar frá 6. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 14. fundar ferða- og menningarnefndar. Þar var fjallað um skipulagningu verslunarmannahelgarinnar og farið yfir helstu mál vegna undirbúnings hennar Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

16. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 15. fundar nefndarinnar frá 20. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 15. fundar ferða- og menningarnefndar. Þar var fjallað um fyrirkomulag verslunarmannahelgarinnar og uppskeruhátíðarinnar. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

17. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 16. fundar nefndarinnar frá 26. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 16. fundar ferða- og menningarnefndar. Þar var fjallað um verslunarmannahelgina 2017, drög að dagskrá og annað. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

18. Fundargerð 136. fundar skipulagsnefndar frá 22. júní s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 136. fundar skipulagsnefndar frá 22. júní og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. júní. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 27: Unnarholtskot 1. Stofnun lóðar.

Lögð fram umsókn eiganda Unnarholtskots 1, Inr. 166837 um stofnun 1.759m² lóðar sem fengi nafnið Unnarholtskot 1B.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að stofna lóðina og gerir ekki athugasemdir við landskipti skv. 13. gr. jarðalaga með fyrirvara um að hnit lóðar séu í samræmi við hnit aðliggjandi jarða.

Mál nr. 28: Jaðar 1. Deiliskipulag. Frístundahúsalóð.

Lögð fram að lokinni kynningu tillaga að deiliskipulagi fyrir 3,2 ha lóð í landi Jaðars þar sem gert er ráð fyrir að reisa frístundahús. Tillagan var kynnt með auglýsingu sem birtist 15. júní s.l.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að auglýsa tillöguna skv. 1. gr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 29: Gata. Stofnun lóðar. Spennistöð.

Lögð fram umsókn Reykás ehf um stofnun 27m² lóðar fyrir spennistöð úr landi Götu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun lóðarinnar með þeirri forsendu að gerð verði breyting á gildandi deiliskipulagi svæðisins. Þar sem slík breyting er óveruleg samþykkir sveitarstjórn hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga en ekki er talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 30: Jaðar 1. Stofnun lóðar.

Lögð fram umsókn eiganda Jaðars um stofnun 3,2 ha. lóðar úr landi Jaðars en lóðin er í samræmi við deiliskipulag sem er í vinnslu fyrir svæðið.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun lóðarinnar og ekki er gerð athugasemdir við landskipti skv. 13. gr. jarðalaga. Vinna þarf lóðarblað í samræmi við leiðbeiningar skipulagsfulltrúa. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að lóðin fái heitið Nýgræði.

Mál nr. 31: Leiðbeiningar fyrir sveitarfélög við afmörkun lóða orku- og veitufyrirtækja innan Þjóðlenda.

Lögð fram til kynningar drög að leiðarvísi fyrir sveitarfélög við afmörkun lóða fyrir orku- og veitufyrirtæki. Leiðarvísirinn var unninn í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga í samvinnu við forsætisráðuneytið auk fleiri aðila.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að leiðarvísirinn verði notaður við stofnun slíkra lóða.

Mál nr. 32: Afgreiðslur byggingafulltrúa frá 7. júní s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 7. júní s.l.

19. NOS: Fundargerð frá 15. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð fundar NOS þann 15. júní s.l. Þar var farið yfir húsnæðismál Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls, beiðni um starfsaðstöðu fyrir náms- og starfsráðgjafa Uppsveita og Flóa og næsta fund NOS. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að húsaleigusamningi vegna Fljótsmörk 2 í Hveragerði og kostnaðarskiptingu vegna verkefnisins og samþykkir fundargerðina að öðru leyti.

20. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíls: Fundargerð 22. fundar frá 20. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 22. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshvíls frá 20. júní s.l. Þar var farið yfir þarfagreiningu á uppbyggingu félagslegs leiguhúsnæðis í sveitarfélögunum í Árneshvíl og erindi frá Ölfusi vegna Bataseturs Suðurlands. Sveitarstjórn gerir athugasemdir við þann fjölda sem af leiguhúsnæði sem Hrunamannahreppur hefur til umráða en fjöldi þeirra eigna sem sveitafélagið hefur til leigu er samtals 17 íbúðir, þ.e. 6 til aldraðra og 11 til annarra nota. Að öðru leyti staðfestir sveitarstjórn fundargerðina.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. SASS: Fundargerð 520. fundar stjórnar frá 31. maí s.l.

Lagt fram til kynningar

b. SASS: Fundargerð 521. fundar stjórnar frá 21. júní s.l.

Lagt fram til kynningar

c. Brunavarnir Árneshvíls: Fundargerð 15. fundar stjórnar frá 6. júní s.l.

Lagt fram til kynningar

d. Almannavarnir Árneshvíls: Fundargerð 24. fundar frá 7. júní s.l.

Lagt fram til kynningar

Kynningarmál:

e. Brunabót: Úthlutun úr styrktarsjóði.

Lagt fram til kynningar.

f. Samband íslenskra sveitarfélaga: Bókhaldsleg meðferð uppgjörs lífeyrisskuldbindinga í A-deild.

Lagt fram til kynningar.

g. Veidifélag Árneshvíls: Fundargerð aðalfundar frá 27. apríl s.l.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 10:20.